

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata um skóla- og frístundastarf í Ingunnarskóla, Dalskóla og Sæmundarskóla

Lagt er til að skipulagi skóla- og frístundastarfs í Ingunnarskóla, Dalskóla og Sæmundarskóla verði haldið óbreyttu.

Greinargerð

Starfshópur um framtíðarstarf skóla- og frístundastarfs í Ingunnarskóla, Dalskóla, Sæmundarskóla, frístundaheimilanna Fjóssins, Stjörnulands og Úlfabyggðar og félagsmiðstöðvanna Fellið í Dalskóla, Plútó í Sæmundarskóla og Fókus við Ingunnarskóla var settur saman skv. erindisbréfi dags. 1. mars 2022. Um tilurð hópsins segir í erindisbréfinu: „Um nokkurra ára skeið hefur verið ljóst að nemendapróun í þessum þremur skólahverfum hefur verið ólík, annars vegar mikil fjölgun og hins vegar viðvarandi fækkun. Í anda Græna plans Reykjavíkurborgar um hagkvæma og góða nýtingu húsnæðis, aðstöðu og farsælt skóla- og frístundastarf er mikilvægt að rýna hvernig best má koma fyrir skóla- og frístundastarfi í þessum skólahverfum“. Hlutverk hópsins skv. erindisbréfinu var að leggja fram tillögur um skóla- og frístundastarf í ofangreindum skólahverfum til framtíðar með hagsmuni barna og unglunga að leiðarljósi.

Skýrsla starfshóps um framtíðarskipulag um skóla- og frístundastarf í Grafarholti og Úlfarsárdal var lögð fyrir skóla- og frístundaráð 5. desember 2022. Í skýrslunni voru lagðar fram nokkrar sviðsmyndir sem voru kynntar hagaðilum og kallað eftir umsögnum frá þeim. Umsagnir hagaðila voru kynntar á fundi skóla- og frístundaráðs 24. apríl sl. Í ljósi þeirra umsagna og húsnæðislausna vegna fjölgunar nemenda í Dalskóla er lagt til að halda skipulagi skólustarfs í Dalskóla, Sæmundarskóla og Ingunnarskóla óbreyttu a.m.k. næstu 5 árin. Til þess að þetta gangi upp þarf að gera breytingar á innra skipulagi húsnæðis í Dalskóla og nýta betur húsnæði Sæmundarskóla og Ingunnarskóla fyrir starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva.